

2013:9 • 27. júní 2013

Skuldir, eignir og eiginfjárstaða einstaklinga 1997–2011

Liabilities, assets and net worth of individuals 1997–2011

Samantekt

Fjölskyldur á aldrinum 35–49 ára skulduðu mest allra aldurshópa í lok árs 2011. Samanlagðar skuldir þeirra voru 809,3 ma.kr., sem samsvarar um 43% af heildarskuldum, og höfðu dregist saman um 7,6% á milli ára. Um 19% fjölskyldna skulduðu ekkert í árslok 2011. Af skuldsettum fjölskyldum skuldaði helmingur 6 milljónir króna eða minna og 90% skuldsettra fjölskyldna skulduðu minna en 31,4 m.kr. Samanlagðar skuldir allra, að frátalinni hæstu skuldatiundinni, voru 1.119 ma.kr. eða 59% heildarskulda. Fjölskyldur sem tilheyrðu hæstu skuldatiundinni, þ.e. þær fjölskyldur sem skulduðu mest, skulduðu samanlagt 767 ma.kr. eða tæp 41% af heildarskuldum. Þessar fjölskyldur voru einkum hjón með börn (57%) og hjón með engin börn á framfærslu (23%). Hjón með börn höfðu hæsta meðaltal skulda, einkum eftir árið 2008.

Hjón með engin börn á framfærslu áttu mestar eignir í árslok 2011, bæði hlutfallslega og samanlagt, um 1.483 ma.kr., og hækkuðu eignir þeirra um tæp 7% frá fyrra ári. Eignamestu fjölskyldurnar voru almennt skuldsettari en aðrar fjölskyldur. Eiginfjárstaða fjölskyldu var að meðaltali 10 m.kr. Alls voru tveir þriðju hlutar fjölskyldna með jákvæða eiginfjárstöðu í lok árs 2011 en þriðjungur með neikvæða stöðu. Ef litið er til dreifingar eiginfjárstöðu í árslok 2011 sést að 70% fjölskyldna áttu samanlagt 8,0 m.kr. eða minna í eigin fé og þar af voru 60% fjölskyldna sem áttu 2,4 m.kr. eða minna í eigið fé. Þær fjölskyldur sem voru í tveimur efstu tíundarhlutunum áttu hinsvegar að meðaltali 50,5 m.kr. og samanlögð eiginfjárstaða þeirra var 1.878 ma.kr. Níu af hverjum tíu fjölskyldum voru með 11,9 m.kr. eða minna í árstekjur samanlagt. Hæsti tekjuhópurinn hafði hins vegar að meðaltali 18 m.kr. í heildarárstekjur, skuldaði 25 m.kr. að meðaltali og átti eignir sem námu 37,4 m.kr. að meðaltali

Inngangur

Á Hagstofunni er nú unnið að nýju verkefni um skuldir og eignir einstaklinga á Íslandi. Ein heimild sem nýtt er í þeirri verkefnavinnu eru upplýsingar úr skattframtölum einstaklinga sem hafa verið samræmdar milli ára. Hagtíðindaheftið er reist á þeim grunni og árleg skattgögn notuð til að útbúa niðurstöður fyrir árin 1997–2011.

Í þessari útgáfu er fyrst og fremst fjallað um skuldir og eignir árið 2011 sem teknar eru saman úr skattframtali 2012 (eignir og skuldir í árslok 2011) en einnig er að finna samantekt um þróun á fjárhagsstöðu árin 2007–2011. Til viðbótar þessum gögnum eru birt á vef Hagstofunnar, samsvarandi, en heldur ítarlegri tölfræði um fjárhagsstöðu einstaklinga og hjóna fyrir árin 1997–2011. Í viðauka í heftinu eru tölflur sem sýna tímaraðir fyrir árin 2007–2011.



Þá er að finna í kaflanum *Skýringar og hugtök* útskýringar á helstu hugtökum og breytum sem til umfjöllunar eru í heftinu. Í kaflanum *Gagna og aðferðafræðilýsing* er lýsing á notkun framtalsgagna og frásögn af því hvernig þau eru nýtt við gerð ýmiss konar tölfræði á Hagstofunni.

Framtalsgögn árið 2013 vegna ársins 2012 verða tiltæk þegar skattálagningu er lokið í júlí 2013. Hagstofan stefnir að því að birta það efni með hliðstæðum hætti og er í þessari útgáfu sem fyrst eftir að það verður tiltækt í sérstöku hefti Hagtið-inda.

Gögnin

*Fjölskyldur í grunninum vegna
framtalsársins 2011 eru
185.890 talsins*

Heildarfjöldi framtala fyrir árið 2011 er 261.766 sem tilheyra 196.209 fjölskyldum (skýring 2). Þar af eru 10.319 fjölskyldur sem fengu áætlaðar skattgreiðslur sem teljast ekki með hér. Heildarfjöldi í grunninum fyrir árið 2011 er því 185.890 fjölskyldur. Þar af voru *einhleypir* 105.825 í lok árs 2011, *einstæðir foreldrar* voru 15.677, *hjón með börn* voru 32.273 og *hjón án barna* voru 32.115.

Skuldir

*Heildarskuldir lækkuðu um
5,6% frá fyrra ári*

Heildarskuldir voru 1.886 ma.kr. í lok árs 2011 og lækkuðu um 5,6% frá fyrra ári. Af heildarskuldum voru 63% vegna fasteignakaupa eða 1.183 ma.kr. og höfðu lækkað um 2% á milli ára. Aðrar skuldir, þar á meðal ökutækjalán, námslán, yfirdráttarlán og aðrar skuldbindingar sem ráðist hafði verið í, námu alls 703 ma.kr. og höfðu lækkað um 11,2% frá fyrra ári. Meðaltal skulda var 10,1 m.kr. og miðgildi skulda var 2,3 m.kr. (staðalfrávik 24,8 m.kr.).

Tafla 1. Tíundarmörk skulda í árslok 2011

Table 1. Liabilities deciles in 2011

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Tíundarmörk <i>Liability decile</i>	Skuldir alls <i>Total liabilities</i>
1. tíund <i>1st decile</i>	0,1	346
2. tíund <i>2nd decile</i>	0,3	2.482
3. tíund <i>3rd decile</i>	0,9	8.379
4. tíund <i>4th decile</i>	2,8	25.855
5. tíund <i>5th decile</i>	6,0	64.078
6. tíund <i>6th decile</i>	10,9	126.079
7. tíund <i>7th decile</i>	16,3	203.941
8. tíund <i>8th decile</i>	22,4	289.982
9. tíund <i>9th decile</i>	31,4	397.850

Skýringar Notes: Meðalskuld skuldsettra var 12,5 m.kr. og miðgildi var 6,0 m.kr. (staðalfrávik var 27,0 m.kr.). *The mean for indebted families was 12,5 million ISK and the median was 6,0 million ISK (standard deviation was 27,0 million ISK).*

*Helmingur skuldsettra
fjölskyldna skuldaði aðeins um
5,4% af heildarskuldum allra*

Ef aðeins er litið á þær fjölskyldur sem voru með skuldir í árslok 2011 voru þær 150.525 talsins. Þegar skuldum þeirra er skipt niður í tíu jafn stóra hópa (tíundir, skýring 9) kemur í ljós að helmingur skuldsettra fjölskyldna skuldaði 6 m.kr. eða minna og voru samanlagðar skuldir þeirra 101 ma.kr. eða um 5,4% allra skulda. Skuldsettasti tíundarhlutinn skuldaði 31,4 m.kr. eða meira, og voru samanlagðar skuldir hans 767,3 ma.kr. eða rúmlega 40% allra skulda.


Tafla 2. Lægstu og hæstu skuldatíundir eftir fjölskyldugerðum 2011Table 2. *Lowest and highest deciles by type of families in 2011*

Hlutfall <i>Percent</i>	Lægsta skuldatíund <i>Lowest deciles</i>	Hæsta skuldatíund <i>Highest decile</i>
Einstaklingar <i>Individual</i>	75,3	13,0
Einstæðir foreldrar <i>Single parent</i>	6,2	7,0
Hjón án barna <i>Couples without children</i>	15,1	23,0
Hjón með börn <i>Couples with children</i>	3,4	57,0
Alls <i>Total</i>	100,0	100,0

Þegar litið er til fjölskyldugerða eftir skuldatíundum sést að lægsta skuldatíundin var að stærstum hluta einstaklingar, eða um 75%. Í hæstu skuldatíundinni voru flestar fjölskyldur hjón með börn, eða um 57%.

53% fjölskyldna í hæstu skuldatíundinni voru á aldrinum 35–49 ára

Í skuldaminna tíundarhlutanum voru 42,5% yngri en 30 ára, 24,5% voru á aldrinum 30–60 ára og 33% voru eldri en 60 ára. Skuldsettasti tíundarhlutinn var að mestu leyti fjölskyldur á aldrinum 30–60 ára eða um 85%. Þá voru 53% á aldrinum 35–49 ára og 12% voru eldri en 60 ára.

Mynd 1. Meðaltöl eigna, tekna og eiginfjárstöðu eftir skuldatíundum í árslok 2011Figure 1. *Assets, income and net worth averages by liabilities deciles in 2011*

Meðaltekjur lægstu skuldatíundar voru 3 m.kr. samanborið við meðaltekjur hæstu skuldatíundar sem voru tæplega 11 m.kr. Meðaleignastaða hópanna var einnig ólík þar sem lægsta tíundin átti að meðaltali 11 m.kr. samanborið við hæstu tíundina sem átti að meðaltali 47 m.kr.

Þegar horft er til eiginfjárstöðu þessara sömu hópa kemur í ljós að sterkasta eiginfjárstöðu hafa þeir sem skulda minnst, þ.e. lægsti þriðjungurinn. Eiginfjárstaðan var verst hjá skuldsettasta tíundarhlutanum eða að meðaltali fjórar milljónir króna í neikvætt eigið fé, sem samsvarar neikvæðu eiginfjárlutfalli upp á 8,4%.


Skuldsettar fjölskyldur eftir fjölskyldugerð og aldri

Skuldir barnafjölskyldna lækkuðu mest á milli ára

Skuldir hjóna með börn voru 796 ma.kr. í árslok 2011, eða um 42% allra skulda, og lækkuðu um 7,8% frá fyrra ári. Skuldir einstæðra foreldra voru 174 ma.kr., eða um 9% allra skulda, og lækkuðu um 7,1% á milli ára. Meðalskuld hjóna með börn var 25,2 m.kr. í lok árs 2011 og meðalskuld einstæðra foreldra var 11,8 m.kr. Einstaklingar skulduðu að meðaltali 6,9 m.kr. í árslok og hjón án barna skulduðu að meðaltali 14,1 m.kr. Skuldir einstaklinga lækkuðu um 4,4% á milli ára en skuldir hjóna án barna lækkuðu minnst, eða um 2,2%.

Mynd 2. Skuldir eftir fjölskyldugerð í árslok 2011

Figure 2. Liabilities by type of family in 2011




Skýringar Notes: Í árslok 2011 var meðalskuld skuldsettra einstaklinga 6,9 m.kr., meðaltal skuldsettra einstæðra foreldra var 11,8 m.kr., meðaltal skuldsettra hjóna án barna var 14,1 m.kr. og meðaltal skuldsettra hjóna með börn var 25,2 m.kr. In year end 2011 the average liabilities for indebted individuals were 6.9 million ISK, 11.8 million ISK for single parents, 14.1 million ISK for couples with no children and 25.2 million ISK for couples with children.

Skuldir vegna fasteignakaupa hjá hjónum með börn voru 531 ma.kr., og lækkuðu um 4,6% á milli ára. Fasteignaskuldir einstæðra foreldra lækkuðu einnig á milli ára, eða um 5,9%, og voru 111,7 ma.kr. í lok árs 2011. Fasteignaskuldir hjóna án barna voru 252,6 ma.kr. og höfðu hækkað um 3,8% frá fyrra ári. Fasteignaskuldir einstaklinga breyttust lítillega á milli ára og voru 287,4 ma.kr. í árslok 2011. Aðrar skuldir lækkuðu mest hjá hjónum með börn, um 13,6%, og um 9–10% hjá öðrum fjölskyldugerðum.

Mynd 3. Skuldir eftir aldri fjölskyldu í árslok 2011

Figure 3. Liabilities by age of family in 2011



Fjölskyldur á aldrinum 35–49 ára skulduðu mest allra aldurshópa í lok árs 2011. Samanlagðar skuldir þeirra voru 809,3 ma.kr. sem samsvarar 43% af heildarskuldum og höfðu dregist saman um 7,6% á milli ára. Fjölskyldur yngri en 25 ára skulduðu minnst eða 29 ma.kr., 1,5% af heild, og lækkuðu um 13,8% frá fyrra ári. Aldurshópurinn 67 ára og eldri er frábrugðinn öðrum aldurshópum, en skuldir þeirra hækkuðu um 8,0% á milli ára og voru í árslok 2011 samtals 131 ma.kr. Skýringu á hækkuninni má rekja til hækkunar fasteignaskulda um 12% sem og annarra skulda um 3%.

35.363 fjölskyldur voru skuldlausar í árslok 2011

Tæplega fimmtungur fjölskyldna, alls 35.363, voru skuldlausar í lok árs 2011 og fjölgaði um 6,2 % frá fyrra ári. Um 93% þeirra voru einstaklingar og 60% voru yngri en 25 ára. Heildareignir skuldlausra voru 152 ma.kr. í árslok 2011, sem samsvarar 4,1% af heildareignum allra. Meðaleign skuldlausra var á bilinu 2–6 m.kr. Þegar frátalin eru hjón án barna, en þau telja 3% skuldlausra og eiga að meðaltali 26,5 m.kr.

Eignir

Heildareignastaða styrktist um 5,1% á milli ára

Heildareignir fjölskyldna í lok árs 2011 voru rúmlega 3.738 ma.kr. og jukust um 5,1% frá fyrra ári. Eign í fasteignum var 2.582 ma.kr. og hækkaði um 9,9% á milli ára (fasteignamat hækkaði um 9%) en ökutækjaeign lækkaði um 0,8% frá fyrra ári, var tæplega 181 ma.kr. í árslok 2011. Peningalegar eignir, þ.e. innlán, verðbréf (þar á meðal hlutabréf) og aðrar peningalegar eignir, drógust saman um 4,7% á milli ára og voru tæplega 975 ma.kr. í árslok, sem samsvarar 26% af heildareignum. Samtals námu innlán 537 ma.kr., eða um 55% af peningalegum eignum, og höfðu lækkað um 7,8% frá fyrra ári. Þá nam verðbréfeign 368 ma.kr. eða um 38% af peningalegum eignum og lækkaði um 1,5% á milli ára. Hafa ber í huga að hlutabréf eru skráð að nafnvirði í skattframtölum og því eru hlutabréf sem peningaleg eign vanmetin.

Tafla 3. Tíundarmörk eigna í árslok 2011

Table 3. Assets deciles in 2011

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Tíundarmörk <i>Asset decile</i>	Eignir alls <i>Total assets</i>
1. tíund <i>1st decile</i>	0,1	308
2. tíund <i>2nd decile</i>	0,3	2.944
3. tíund <i>3rd decile</i>	0,7	8.506
4. tíund <i>4th decile</i>	2,1	22.795
5. tíund <i>5th decile</i>	11,2	109.076
6. tíund <i>6th decile</i>	18,4	280.719
7. tíund <i>7th decile</i>	24,4	396.440
8. tíund <i>8th decile</i>	32,9	526.145
9. tíund <i>9th decile</i>	48,6	742.090

Skýringar Notes: Meðaltal eigna var 20,1 m.kr. og miðgildi var 11,2 m.kr. (staðalfrávik var 48,0 m.kr.). The mean for total assets was 20,1 million ISK and the median was 11,2 million ISK (standard deviation was 48,0 million ISK).

Hæsta eignatíundin átti rúmlega 44% af heildareignum allra

Um helmingur allra fjölskyldna áttu eignir að verðmæti 11,2 m.kr. eða minna og voru samanlagðar eignir þeirra tæpir 144 ma.kr. eða um 3,8% allra eigna. Eignamesti tíundarhlutinn átti 48,6 m.kr. eða meira, og voru samanlagðar eignir þeirra 1.647 ma.kr. eða rúmlega 44% allra eigna.

Eignaminnsti tíundarhlutinn var að stærstum hluta einstaklingar, 91%, og yngri en 30 ára, 62%. Þá tilheyrðu 57% af fjölskyldum í eignaminnsta tíundarhlutanum lægsta tekjufimmtungnum og 80% skulduðu 1,5 m.kr. eða minna.

Eignamestu fjölskyldurnar voru almennt skuldsettari en aðrar fjölskyldur


Flestar fjölskyldur í eignamesta tíundarhlutanum voru hjón án barna, eða um 52%. Þá voru 30% hjón með börn, 16% einstaklingar og 2% einstæðir foreldrar. Meðalaldurinn í eignamesta tíundarhlutanum var 59 ár en 75% voru 50 ára og eldri og tæplega fjórðungur var á aldrinum 30–49 ára. Helmingur þeirra sem tilheyrðu eignamesta tíundarhlutanum skulduðu 9,6 m.kr. eða minna og 90% skulduðu 54,4 m.kr. eða minna. Því voru eignamestu fjölskyldurnar almennt skuldsettari en aðrar fjölskyldur.

Eignastaða eftir fjölskyldugerð og aldri

Hjón án barna áttu mestar eignir í árslok 2011, bæði hlutfallslega og samanlagt, um 1.483 ma.kr., og höfðu eignir þeirra hækkað um tæp 7% frá fyrra ári. Eignir hjóna með börn voru 1.079 ma.kr. í árslok 2011 og höfðu hækkað um 3% á milli ára. Einstaklingar áttu hlutfallslega minnst en eignir þeirra hækkuðu um 6% á milli ára og voru 995 ma.kr. í árslok. Eignir einstæðra foreldra hækkuðu minnst á milli ára, um 0,7%, og voru 181 ma.kr. í lok árs 2011.

Mynd 4. Eignir eftir fjölskyldugerð í árslok 2011

Figure 4. Assets by type of family in 2011




Skýringar Notes: Í árslok 2011 var meðaleign einstaklinga 9,4 m.kr., meðaleign einstæðra foreldra var 11,5 m.kr., meðaleign hjóna án barna var 45,9 m.kr. og meðaleign hjóna með börn var 33,6 m.kr. In year end 2011 the average asset for individuals was 9.4 million ISK, 11.5 million ISK for single parents, 45.9 million ISK for couples with no children and 33.6 million ISK for couples with children.

Fjölskyldur yngri en 30 ára áttu samtals 140 ma.kr. í eignum eða um 4% af heildareignum. Eignir fjölskyldna á aldrinum 30–44 ára voru 785 ma.kr. í árslok, eða um 21% af heild, og eignir 45–59 ára voru 1.286 ma.kr. sem samsvarar um 34% af heildareignum alls. Elstu fjölskyldurnar, 60 ára og eldri, voru þó eignamestar með eignir að verðmæti 1.525 ma.kr. eða 41% allra eigna.

Mynd 5. Eignir eftir aldri í árslok 2011

Figure 5. Assets by age of family in 2011



Eignastaða yngri fjölskyldna dróst saman á milli ára en eignastaða eldri fjölskyldna styrktist á sama tímabili


Eignir 34 ára og yngri lækkuðu á milli ára en eignir 35 ára og eldri hækkuðu. Eignir 25–29 ára lækkuðu mest, um 7%, en eignir 30–34 ára lækkuðu minnst eða sem nemur 0,2%. Eignir jukust mest hjá 67 ára og eldri, um 9,9% en aðeins um 1% hjá aldurshópnum 35–39 ára.

Eiginfjárstaða

Samanlögð staða eiginfjár í lok árs 2011 var rúmlega 1.850 ma.kr. og hækkaði um 19% frá fyrra ári. Eiginfjárhlutfall alls var 50%. Eiginfjárstaða í fasteign, þ.e. fasteignir að frádregnum skuldum vegna fasteigna, jókst um 22,4% og var 1.398 ma.kr. í árslok 2011. Eiginfjárhlutfall í fasteign var 54%. Annað eigið fé, þ.e. aðrar eignir að frádregnum öðrum skuldum, jókst um 9,5% og var 452 ma.kr. í árslok 2011. Eiginfjárhlutfall í öðrum eignum var 39% í lok árs 2011.

Mynd 6. Eiginfjárstaða fjölskyldna í árslok 2011

Figure 6. Assets net worth in 2011



Tæplega þriðjungur fjölskyldna var með neikvæða eiginfjárstöðu í árslok 2011

Alls voru 124.394 fjölskyldur (67%) með jákvæða eiginfjárstöðu í lok árs 2011 sem er 3,3% aukning á milli ára. Fjölskyldur með neikvæða eiginfjárstöðu voru 58.868 (32%) í lok árs 2011 og hafði fækkað um 7,2% frá fyrra ári.

Tafla 4. Tíundarmörk eiginfjárstöðu í árslok 2011

Table 4. Equity deciles in 2011

Milljónir króna Million ISK	Tíundarmörk Equity decile	Eiginfjárstaða alls Total Equity
1. tíund 1st decile	-5,8	-305.655
2. tíund 2nd decile	-1,7	-64.131
3. tíund 3rd decile	-0,1	-13.283
4. tíund 4th decile	0,1	643
5. tíund 5th decile	0,6	6.434
6. tíund 6th decile	2,4	23.695
7. tíund 7th decile	8,0	88.978
8. tíund 8th decile	18,0	235.418
9. tíund 9th decile	35,0	472.914


Skýringar Notes: Meðaltal eiginfjárstöðu var 10,0 m.kr. og miðgildi var 0,6 m.kr. (staðalfrávik var 47,8 m.kr.). The mean for assets net worth was 10.0 million ISK and the median was 0.6 million ISK (Standard deviation was 47.8 million ISK).

Eiginfjárstaða var að meðaltali 10 m.kr. og miðgildi 0,6 m.kr. Ef litið er til dreifingar eiginfjárstöðu í árslok 2011 skv. töflu 4 sést að 70% fjölskyldna eiga samantlagt 8,0 m.kr. eða minna í eigin fé og þar af eru 60% fjölskyldna sem eiga 2,4 m.kr.

eða minna í eigið fé. Þær fjölskyldur sem voru í tveimur efstu tíundarhlutunum áttu hinsvegar að meðaltali 50,5 m.kr. í eigið fé og var samanlögð eiginfjárstaða þeirra 1,9 ma.kr.

Mynd 7. Eiginfjárhlutföll eftir fjölskyldugerð í árslok 2011

Figure 7. Assets equity ratio by type of family in 2011




Eiginfjárstaða einstæðra foreldra var 3,8% í árslok 2011

Eiginfjárstaða einstæðra foreldra styrktist mest allra fjölskyldugerða, um 189,3 %, og eigið fé hjóna með börn jókst um 54,2%. Eiginfjárhlutföll þeirra voru þó lægst, þ.e. eiginfjárhlutfall einstæðra foreldra var 3,8% í árslok og 26% hjá hjónum með börn. Eiginfjárhlutfall hjóna án barna var hæst, eða um 71%.

Eiginfjárhlutfall einstæðra foreldra í fasteign var 21,8% í árslok 2011 og hjá hjónum með börn 35,3%. Eiginfjárhlutfall í öðrum eignum var hins vegar neikvætt hjá þessum fjölskyldugerðum í lok árs 2011; hjá einstæðum foreldrum var eiginfjárhlutfall í öðrum eignum neikvætt um 63,4% og hjá hjónum með börn var sambærilegt eiginfjárhlutfall neikvætt sem nemur 2,5%.

Mynd 8. Eiginfjárhlutföll eftir aldri fjölskyldu í árslok 2011

Figure 8. Assets equity ratio by age of family in 2011



Staða eigin fjár styrkist með hækkandi aldri

Eiginfjárstaða var almennt betri hjá eldri fjölskyldum eins og við er að búast því þannig er þróun eigna og skulda við lífshlaupið. Heildar eiginfjárstaða var neikvæð hjá fjölskyldum á aldrinum 25–34 ára sem rekja má til annarra skulda en fasteignaskulda. Eiginfjárhlutfall í öðrum eignum en fasteignum var neikvætt sem nemur 97% hjá fjölskyldum á aldrinum 25–29 ára og einnig neikvætt hjá 30–34 ára um 90%.

Tekjur og gjöld

Samanlagðar heildartekjur fyrir árið 2011 voru 1.014 ma.kr. og hækkuðu um 6,8% á milli ára. Heildartekjur samanstanda af atvinnutekjum, fjármagnstekjum og öðrum tekjum (skýring 6). Atvinnutekjur voru í árslok 730 ma.kr., hækkuðu um 7,3% frá fyrra ári en fjármagnstekjur lækkuðu um 6,6% á milli ára og voru 72 ma.kr. í lok árs 2011. Aðrar tekjur hækkuðu um 10,6% á milli ára og voru tæplega 211 ma.kr.

Ráðstöfunartekjur hækkuðu um 6,2% hjá hjónum án barna en lækkuðu um 0,5% hjá einstæðum foreldrum

Heildartekjur að frádrögnum sköttum og viðbættum tekjutilfærslum (skýringar 7 og 8) mynda ráðstöfunartekjur. Samanlagðar ráðstöfunartekjur fyrir árið 2011 voru 795 ma.kr. og höfðu hækkað um 4,2% frá fyrra ári. Mest var hækkunin hjá hjónum án barna, 6,2%, enda hækkuðu heildartekjur þeirra mest á milli ára eða um 8,6%. Einstæðir foreldrar skera sig úr þar sem ráðstöfunartekjur þeirra lækkuðu um 0,5% á milli ára. Skýringuna má rekja til þess að heildartekjur þeirra hækkuðu aðeins um 2,6% á milli ára en skattgreiðslur jukust um 10,1%, vaxtabætur drógust saman um 23,7% og barnabætur þeirra lækkuðu um 2,5%.

Tafla 5. Tíundarmörk heildartekna árið 2011

Table 5. Total income deciles in 2011

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Tíundarmörk <i>Income decile</i>	Tekjur alls <i>Total income</i>
1. tíund <i>1st decile</i>	0,7	5.380
2. tíund <i>2nd decile</i>	1,5	20.956
3. tíund <i>3rd decile</i>	2,4	36.323
4. tíund <i>4th decile</i>	2,9	48.573
5. tíund <i>5th decile</i>	3,8	61.744
6. tíund <i>6th decile</i>	4,9	80.659
7. tíund <i>7th decile</i>	6,3	102.984
8. tíund <i>8th decile</i>	8,5	136.587
9. tíund <i>9th decile</i>	11,9	186.610

Skýringar Notes: Meðaltal heildartekna var 5,5 m.kr. og miðgildi var 3,8 m.kr. (staðalfrávik var 7,2 m.kr.). The mean for total income was 5,5 million ISK and the median was 3,8 million ISK (Standard deviation was 7,2 million ISK).

Lægsti tekjufimmtungurinn var með heildarstekjur undir 1,5 m.kr. og helmingur fjölskyldna var með 3,8 m.kr. eða minna í heildartekjur á árinu 2011. Hæsta tekjutíundin var með 11,9 m.kr. eða meira í heildartekjur á árinu 2011, samtals með um 33% af heildartekjum allra. Þá var hæsta ráðstöfunartekjutíundin með 8,8 m.kr. eða meira í ráðstöfunartekjur á árinu 2011, samtals með um 30% af samanlögðum ráðstöfunartekjum allra.


Tafla 6. Tíundarmörk ráðstöfunartekna árið 2011

Table 6. Total disposable income deciles in 2011

Milljónir króna <i>Million ISK</i>	Tíundarmörk <i>Disposable income decile</i>	Ráðstöfunartekjur alls <i>Total disposable income</i>
1. tíund <i>1st decile</i>	0,7	5.342
2. tíund <i>2nd decile</i>	1,5	20.896
3. tíund <i>3rd decile</i>	2,1	33.811
4. tíund <i>4th decile</i>	2,5	42.550
5. tíund <i>5th decile</i>	3,2	52.808
6. tíund <i>6th decile</i>	4,1	67.927
7. tíund <i>7th decile</i>	5,2	85.037
8. tíund <i>8th decile</i>	6,7	109.039
9. tíund <i>9th decile</i>	8,8	142.026

Skýringar Notes: Meðaltal ráðstöfunartekna var 4,3 m.kr. og miðgildi var 3,2 m.kr. (staðalfrávik var 5,3 m.kr.). The mean for disposable income was 4,3 million ISK and the median was 3,2 million ISK (Standard deviation was 5,3 million ISK).

Mynd 9. Meðaltöl tekna, eigna og skulda eftir tekjutiðundum fyrir árið 2011
 Figure 9. Average total income, assets and liabilities by income deciles in 2011




Heildartekjur í hæstu tekjutiðundinni voru að meðaltali 18 m.kr. Skuldir þeirra námu um 25 m.kr. að meðaltali og meðaleign þeirra var 37,4 m.kr.

Heildartekjur og ráðstöfunartekjur hækkuðu mest hjá fjölskyldum á aldrinum 55–66 ára. Mesta lækkun tekjuliðar var hjá aldurshópnum 40–44 ára en fjármagnstekjur þeirra lækkuðu um 16,6% frá fyrra ári. Mesta hækkun tekjuliðar var hjá aldurshópnum 55–59 ára þar sem aðrar tekjur hækkuðu um tæp 22%.

Mynd 10. Breyting á tekjum milli árána 2010 og 2011

Figure 10. Changes in income between the years 2010 and 2011




Breytingar á síðustu 5 árum

Hluttur skulda miðað við eignir hækkaði árin 2007–2010 úr 40% í 56% en lækkaði svo aftur árið 2011 og var kominn niður í 50% í árslok 2011. Þessa lækkun mætti rekja til afskrifta skulda, endurútreikninga lána eða fleiri aðgerða vegna skuldavanda. Skuldahlutfall yngsta aldurshópsins var 60% árið 2011 en tvöfalt herra hjá næsta aldurshópi, 25–29 ára, eða 121%. Skuldahlutfallið var almennt lægra hjá eldri fjölskyldum og var lægst hjá 67 ára og eldri.

Mynd 11. Skuldir sem hlutfall af eignum eftir aldri fjölskyldna árin 2007–2011


Figure 11. Liabilities to assets by age of families in 2007–2011



Árið 2011 var hlutfall skulda af ráðstöfunartekjum hæst hjá aldurshópnum 35–39 ára, eða 321%, og hafði lækkað frá fyrra ári þegar það nam 363%, sbr. mynd 12. Hlutfallið var næst hæst hjá aldurshópnum 40–44 ára og hafði sömuleiðis lækkað á milli ára, úr 369% í 318%.


Mynd 12. Skuldir sem hlutfall af ráðstöfunartekjum eftir aldri árin 2007–2011

Figure 12. Liabilities to disposable income by age in 2007–2011



Mynd 13. Skuldir, eigið fé og ráðstöfunartekjur árin 2007–2011


Figure 13. Liabilities, equity and disposable income in 2007–2011



Heildarskuldir hafa aukist ört allt til ársins 2010, bæði sem hlutfall af ráðstöfunartekjum og eiginfjárstöðu, (sbr. mynd 13). Árið 2011 varð töluverð lækkun skulda sem hlutfall af ráðstöfunartekjum, úr 262% árið 2010 í 237% árið 2011. Jafnframt lækkuðu skuldir sem hlutfall af eigið fé, úr 128% árið 2010 í 102% við árslok 2011. Samsvarandi hækkun var á hlutfalli eiginfjár af ráðstöfunartekjum árið 2011, eða 233% samanborið við 204% frá fyrra ári.

Mynd 14. Hlutfall skulda af eignum eftir skuldatíundum árin 2007–2011


Figure 14. Liabilities to assets by liability deciles in 2007–2011



Skuldsettustu fjölskyldurnar skulda um og yfir 100% eigna, (sjá 10. tíund á mynd 14). Skuldir hæstu skuldatíundar sem hlutfall af eignum hækkaði úr 77% í 108% á árunum 2007–2011 og höfðu hlutfallslega breyst mest milli ára. Skuldir annarra hópa breyttust hlutfallslega minna á sama tímabil.

Mynd 15. Eiginfjárlutfall eftir aldri árin 2007–2011

Figure 15. Net worth ratio by age in 2007–2011




Eiginfjárlutfall yngri aldurshópa er gjarnan lágt og jafnvel neikvætt, en styrkist með hækkandi aldri. Á árunum 2007–2011 var þróun eiginfjárlutfalls í samræmi við lífaldur eins og mynd 15 ber með sér. Þannig var yngsti aldurshópurinn, 24 ára og yngri, með jákvæða eiginfjárstöðu öll árin; 18% árið 2007 sem jókst jafnt og þétt og var 40% í árslok 2011.

Eiginfjárlutfall aldurshópsins 25–29 ára var 5% árið 2007. Á árunum 2008–2010 drógst það verulega saman og náði lágmarki árið 2010 þegar það var neikvætt um 31%. Á árinu 2011 styrktist eiginfjárlutfall þess aldurshóps og var neikvætt um 21% í árslok 2011.

Mynd 16. Eiginfjárlutfall eftir fjölskyldugerð árin 2007–2011


Figure 16. Net worth ratio by type of family in 2007–2011



Breytingar á stöðu eiginfjár eftir fjölskyldugerð var sambærileg og fór lækkandi árin 2007–2010 en hækkaði árið 2011. Eiginfjárlutfall hjóna án barna var þá hæst eða 71%, einstaklinga 52%, hjóna með börn 26% en var lægst hjá einstæðum foreldum, 4%.

Mynd 17. Hlutfall vaxtagjalda af ráðstöfunartekjum eftir fjölskyldugerð árin 2007–2011

Figure 17. Interest expense to disposable income by type of family in 2007–2011




Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum voru 10,7% í árslok 2011

Vaxtagjöld sem hlutfall af ráðstöfunartekjum jókst á hverju ári fram til ársins 2010 en þá lækkaði það úr 13,9% í 10,7% í árslok 2011. Vaxtagjöld voru hlutfallslega hæst miðað við ráðstöfunartekjur hjá barnafólki, þ.e. hjónum með börn og einstæðum foreldrum.

Mynd 18. Hlutfall vaxtagjalda af ráðstöfunartekjum eftir aldri árin 2007–2011

Figure 18. Interest expense to disposable income by age in 2007–2011




Árin 2009–2011 voru aldurshóparnir 35–39 ára, 40–44 ára og 45–49 ára með hæstu hlutföll vaxtagjalda af ráðstöfunartekjum. Á árinu 2009 voru hlutföllin á bilinu 18,1%–19,2%, á bilinu 18,1%–19,4% árið 2010 en lækkuðu töluvert árið 2011 og voru þá á bilinu 13,9%–14,3%.

Meðaltöl skulda og eigna á árunum 1997–2011

Á árunum 1997–2004 hækkuðu fasteignaskuldir og heildarskuldir að meðaltali um 8% á ári (á verðlagi ársins 2011, verðtryggingarvísitala). Næstu þrjú ár þar á eftir, árin 2004–2007, var hækkunin um 12% að meðaltali á fasteignaskuldum og 15% á heildarskuldum. Á milli árunna 2007 og 2009 hækkuðu heildarskuldir að meðaltali um 6% og fasteignaskuldir um 5% og á árunum 2009–2011 drógust fasteignaskuldir saman um að meðaltali 5% en heildarskuldir um 7%.

Mynd 19. Samsetning skulda 1997–2011, á verðlagi 2011


Figure 19. Liabilities, assets and net worth in 1997–2011, 2011 prices



Hlutfall annarra skulda af heildarskuldum hækkaði jafnt og þétt frá árinu 2003–2009 þegar það fór úr 32% í 40% en í árslok 2011 lækkaði það í 37%.

Mynd 20. Samsetning eigna 1997–2011, á verðlagi 2011

Figure 20. Liabilities, assets and net worth, 2011 prices




Mesta hækkun eigna varð á milli árunna 2004–2005 þegar heildareignir hækkuðu um 25% á milli ára og fasteignir um 28%. Frá árinu 2005–2007 hækkuðu eignir að meðaltali um 11% og fasteignir um 8%, og í kjölfarið fór eignastaða almennt að

dragast saman. Mest varð lækkunin á árunum 2009–2010 þegar heildareignir drógust saman um 11% og fasteignir um 12%.

Mynd 21. Meðalskuld, -eign og -eiginfjárstaða skuldsettra fjölskyldna árin 1997–2011, á verðlagi 2011


Figure 21. Average liability, asset and net worth for families indebt in 1997–2011, in 2011 prices



Meðaltal eiginfjár hækkaði úr 7,9 m.kr. árið 1997 í 15,6 m.kr. árið 2007 (verðlag ársins 2011). Í árslok 2011 var meðaltal eiginfjár komið í 10 m.kr.

Mynd 22. Meðaltöl og miðgildi eigna og skulda 1997–2011, á verðlagi 2011

Figure 22. Mean and median for assets and liabilities for 1997–2011, in 2011 prices




Meðaleign jókst úr 13 m.kr. í 26,2 m.kr. á árunum 1997–2007

Miðað við fjölda framteljenda var meðaleign árið 1997 tæplega 13 m.kr. á verðlagi árs 2011 og jókst árlega til ársins 2007 þegar hún nam 26,2 m.kr. Á árunum 2007–2011 lækkaði hún árlega og var 20,1 m.kr. í lok árs 2011. Miðgildi í dreifingu eigna var töluvert lægra eða 8,8 m.kr. árið 1997, 14,6 m.kr. árið 2007 og 11,2 m.kr. í árslok 2011. Skýringin er sú að þeir sem eru í efstu eignatíundinni eiga hlutfallslega meiri eignir.

Mynd 23. Breyting á meðaleign, -skuld og -eiginfjárstöðu 1997–2011, á verðlagi 2011


Figure 23. Change in average assets, liabilities and net worth for 1997–2011, in 2011 prices



Skuldir skuldsettra á föstu verðlagi ársins 2011 voru að meðaltali 4,9 m.kr. árið 1997 og jukust samfellt til ársins 2009 þegar þær fóru í 11,7 m.kr. að meðaltali. Fram til ársins 2007 jókst meðaltal eigna meira en meðaltal skulda m.v. fast verðlag en miðgildi eigna og skulda fylgdust að til ársins 2005 þegar greinileg breyting varð á (sjá mynd 22). Miðgildi eigna byrjaði þá að lækka en miðgildi skulda hækkaði allt til ársins 2008 þegar það var hæst í 13,8 m.kr. Miklar sveiflur urðu á meðaleign og meðaleiginfjárstöðu á föstu verðlagi, sérstaklega eftir árið 2005 (sjá mynd 23).

Mynd 24. Meðalskuld eftir skuldsettum fjölskyldugerðum 1997–2011, á verðlagi 2011

Figure 24. Average liability by type of indebted families for 1997–2011, in 2011 prices




Skuldir allra skuldsettra fjölskyldugerða á föstu verðlagi ársins 2011 jukust jafnt og þétt á árunum 1997–2008 þegar þær náðu hámarki. Meðalskuld hjóna með börn var 32 m.kr. árið 2008 en 25,2 m.kr. í árslok 2011. Meðalskuld einstæðra foreldra var

